

# Þingsályktun

um fullgildingu V. viðauka við samning um verndun  
Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu  
vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd V. viðauka við samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins, og 3. viðbæti við samninginn sem gerðir voru í Sintra 23. júlí 1998.

*Samþykkt á Alþingi 19. maí 2001.*

